

Dags. 18.2.2009

**Fundur í Skipulags- og umhverfisnefnd Þingeyjarsveitar, haldinn í Kjarna miðvikudaginn 18. febrúar 2009.**

Mætt voru: Hlöðver P. Hlöðversson, Snæfríður Njálisdóttir, Sigurður Skúlason, Hörður Benónýsson, Ásvaldur Æ. Þormóðsson og Þórunn Jónsdóttir.

Ásvaldur setti fund og gekk til dagskrár.

1. Erindi undirritað af Guðfinnu Sverrisdóttur og Eini V. Björnssyni, dags. 8. desember 2008, þar sem þau fara fram á að sveitarstjórn taki til umfjöllunar og afgreiðslu erindi þeirra um nýtt deiliskipulag fyrir einbýlishús og frístundabyggð á jörðinni Einarstöðum 2, Þingeyjarsveit sbr. deiliskipulagsuppdrátt Búnaðarsambands Eyjafjarðar 4. desember 2008. *Nefndin gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagið og vísar því til sveitarstjórnar til afgreiðslu.*
2. Erindi undirritað að Hreini Pálssyni hrl. dags. 6. febrúar 2009, þar sem sótt er um að fá að skipta út 2 lóðum úr landi Végeirsstaða, Fnjóskadal, fyrir hönd eigenda 2/7 hluta í svonefndu „gamla túni“ á Végeirstöðum. Við fyrri afgreiðslu þessa máls frá 12. júní 2008 lágu ekki fyrir rétta upplýsingar um landamerki viðkomandi jarða. Hér er því óskað eftir að málið komi aftur til afgreiðslu og lagður fram nýr uppdráttur unnin af Búgarði dags. 03.02.2009 þar sem fram kemur ný staðsetning lóða. *Nefndin gerir ekki athugasemdir við erindið og vísar því til afgreiðslu sveitarstjórnar.*
3. Erindi undirritað að Aðalgeiri Stefáni Tómassyni dags. 04.02.2009 þar sem sótt er um stofnun lóðar úr landi Knarrareyrar, Þingeyjarsveit og sýnd er á uppdrætti unnum af Búnaðarsambandi Eyjafjarðar dags. 16.12.2009. Óskað er eftir að lóðin skilgreinist sem frístundahúsalóð og fái heitið Knarrareyri. *Nefndin frestar afgreiðslu erindisins og vísar til vinnu við aðalskipulag, þar sem unnið er að hugmyndum um skipulag viðkomandi svæðis.*
4. Lagðar fram, af ábúendum Veturliðastaða, frumteikningar af fyrirhuguðu frístundasvæði í landi Veturliðastaða í Fnjóskadal dags. 18.02.2009. Vísað til gerðar aðalskipulags.
5. Lagðar fram, af ábúendum Hróarsstaða, frumteikningar af fyrirhuguðu frístundasvæði í landi Hróarsstaða í Fnjóskadal dags. 18.02.2009. Vísað til gerðar aðalskipulags.
6. Lögð fram til kynningar, tillaga að umhverfisskýrslu vegna aðalskipulags dags. 12.02.2009, unna af Jónu Bjarnadóttur hjá Mannviti.

Fleirar ekki rætt og fundi slitið.

Hlöðver P. Hlöðversson  
Snæfríður Njálisdóttir  
Hörður Benónýsson

Sigurður Skúlason  
Ásvaldur Æ. Þormóðsson  
Þórunn Jónsdóttir